



Bréf: Björgun frá glötun á skráðum heimildum um
verslun á Íslandi á seinni hluta 20. aldar. Ávarp:
Hlutverk og meginmarkmið Kaupmannasamtaka
Íslands

Kaupmannasamtök Íslands – Kaupmannafélag Suðurlands – Stofnlánasjóður – Sérgreinafélög –
Landshlutafélög – Óskar Jónsson - Kaupmannaklúbburinn

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

borgarskjalasafn.is

Einkaskjalasafn nr. 316
Flokkur A - Fundargerðir
Askja A-20 Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS

I. Hlutverk Kaupmannasamtaka

Kaupmannasamtök Íslands eru hagsmuna- og og smásöluverslunar á Íslandi. Hlutverk þess felagsmanna, framförum í verslun og heill Kaupmannasamtök Íslands leitast við að m.a. með jafnræði atvinnugreina og fyr

II. Meginmarkmið Kaup

1. Starfsskilyrði íslenskrar greinar og alþjóðlegan s lögum og reglugerðum
2. Sameining íslenskr samtökum Íslands
3. Kjaramál ákv sem hagkvær
4. Verslunar og rekin aðild a
5. Uppl Kaup hli
- 6.



Þegar skynsemin ræður ferðinni!

ATLAS
EUROCARD

I. Hlutverk Kaupmannasamtaka Íslands

Kaupmannasamtök Íslands eru hagsmuna- og starfsgreinasamtök kaupmanna og smásöluverslunar á Íslandi. Hlutverk þeirra er að vinna að hagsmunamálum félagsmanna, framförum í verslun og heilbrigðum viðskiptaháttum.

Kaupmannasamtök Íslands leitast við að skapa versluninni góð starfsskilyrði, m.a. með jafnræði atvinnugreina og fyrirtækja.

II. Meginmarkmið Kaupmannasamtaka Íslands

1. **Starfsskilyrði** íslenskrar verslunar séu eðlileg miðað við aðrar starfsgreinar og alþjóðlegan samanburð. Stjórnvöld mismuni ekki verslun með lögum og reglugerðum, eða framkvæmd þeirra.
2. **Sameining** íslenskra kaupmanna og smásöluverslunar í Kaupmannasamtökum Íslands.
3. **Kjaramál** ákvarðist þannig, að starfskjör í versluninni séu aðlaðandi og sem hagkvæmust greininni.
4. **Verslunarmenntun** sé löguð að þörfum verslunarinnar á hverjum tíma og rekin af íslenska menntakerfinu. Kaupmannasamtök Íslands eigi aðild að mótun hennar.
5. **Upplýsingamiðlun** veiti kaupmönnum og smásöluverslun innan Kaupmannasamtaka Íslands yfirburði og efli samstöðu K.Í. með hliðstæðum samtökum innanlands sem utan.
6. **Framþróun í íslensku þjóðfélagi** og aukin velferð með því að stuðla að eflingu verslunarinnar.

~~Upp - USA - RAÐSTEFNA~~

~~Upp - BÍR (Sg. Þinn)~~

OPIN FALLA

EKKI LÖG!

Viðtal / RÚN + BYLGJAN.

MATVARA - MIKIL SAMKEPPNI:

KAUPM. Á HORNUNY
MAKKADÍR
KLUKKUBÚÐIR
BENSINSTÖÐVAR

SEYVARA -

Ferdagarnir

HÚSMUNIR
HEIMLISVÖRUR

HUGGAGNAVERSLANIR

BYGGINGA- OG
REKSTRARVÖRUR

RÚMFATNABUR
BÚSAHÖLD
BYGGINGAVÖRUR
MALNING
GARÐAHÖLD

~~BILAVÖRUR~~
SPORTVÖRUR

SKIÐI - HJÓL - ÚTILEGA

BILAR OG BILAVÖRUR

BILAR
BILAVÖRUR

KAUPEYNDUR

EINSTAKLINGAR

MIJAFNLEGA SAMSETTIR "HÓPAR"

För. / börn
Hjón o. s. fr.

HEIMAMEN
ÚTL /
FERDATÖLK

REKSTRARADILAR

ÁHRIF

~~MEIRA ÞJÓNUSTA~~

• HERRI KOSTNAÐUR (= HERRA VERÐ?)

• HERRI LAUN - KJARAMÁL

• MEIRA STRESS - ÁHRIF Á HJÓLSKYLDULÍF / FÉLAGSLÍF

• HERRA VÖRUVERÐ (EKKI HLUTFALLSLEGA) ^{→ KIRKJA}

~~Ferdagarnir~~

MEYSCUVÖRUR
REKSTRARU





KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS

Stjórn K.Í.

Benedikt Kristjánsson formaður
Margrét Pálsdóttir varaformaður
Gunnar Guðmundsson gjaldkeri
Þórhallur Steingrímsson ritari
Skúli Jóhannesson meðstj.
Vigdís Hauksdóttir meðstj.
Símon Sigurpálsson meðstj.

Gunnar Guðmundsson varm.
Edda Hauksdóttir varam

Nefndir og starfshópar:

1. Fastanefndir:

Menntanefnd

Námskeið, verslunarmenntun, kynningarstarf og ráðstefnur.

form. Gunnar Guðmundsson

Nefnd um ~~Gamla~~ Miðbæinn

Um miðborg Reykjavíkur.

form. *Margrét Pálsdóttir*
~~Sigrún Magnúsdóttir~~

Nefnd um landsbyggðarverslun

Sérmál dreifbýlisverslunar, flutningamál

form. Úlfar Ágústsson

Nefnd til ritunar sögu K.Í.

Undirbúningur, ritun og útgáfa sögu K.Í. árið 2000

form. Sigurður E. Haraldsson

Skatta- og tollanefnd

Skatta og tollamál. Löggjöf sem snertir verslunina og aðrar nefndir fjalla ekki um.

form. Margrét Pálsdóttir

Tækninefnd

Þróun og tækni í verslun, samstarf við fyrirtæki og samtök í tækni- og gjaldskrármálum, innréttingar og skipulag verslana.

form. Símon Sigurpálsson

Umhverfismálanefnd

Endurvinnslan, samstarf við Sorpu o.fl., Umhverfis-
sjóður verslunarinnar, vinnuumhverfismál.

form. Vigdís Hauksdóttir

Verslunarminjanefnd

Söfnun muna og minja, samstarf við Árbæjarsafn um uppsetningu verslunarminjasafns fyrir árið 2000

form. Bjarni Finnsson

Öryggismálanefnd

Tryggingar, öryggi í meðferð fjármuna og upplýsinga, forvarnir.

form. Skúli Jóhannesson

2. Starfshópar

Auglýsinganefnd Félags blómaverslana

form. Sigurður Sigurðsson

Félagsgjaldanefnd

form. Ingólfur Árnason

Félagslaganefnd

form. Ingvi I. Ingason

Kjörnefnd

form. Bjarni Finnsson

Launakjaranefnd

form. Einar Örn Thorlacius

Orðunefnd

form. Sigurður E. Haraldsson

Skemmtinefnd

form. Þórhallur Steingrímsson

3. Samstarfsnefndir

EAN á Íslandi

Útg.strikamerkja,staðla o.fl.

Íslensk verslun (framkvstj. & aðalstjórn)

Samstarfsvettvangur BGS, FÍS og K.Í.

Neytendasamtök - kvörtunarnefnd

Samstarfsnefnd við Sorpu

Upplýsingavettvangur

Samstarfsnefnd stofnlánasjóða

Samstarfsnefnd um verslunarmenntun

FÍS,KÍ,SSV, VSÍ, VR,LÍV

Skipulagsnefnd Reykjavíkurborgar

Tækninefnd

Tæknimál vegna POSA,kassakerfa og símamála.

Umhverfissjóður verslunarinnar

Framlög verslana og úthlutun styrkja.

Þróunarfélag Reykjavíkur

fltr. Sigurður Jónsson

fltr. SJ,BK,MP o.fl.

fltr.Guðni Þorgeirsson

fltr. Júlíus Jónsson

form. Ólafur Helgason

fltr. Sigurður Jónsson

áheyrnarfltr.Jón Júlíusson

fltr. SJ og Símon S.

fltr. Bjarni Finnsson

fltr. Margrét Pálsdóttir + *Edda H.*

STOFNLÁNASJÓÐIR

Almennur stofnlánasjóður K.Í.

Sofnlánasjóður matvöruverslana

Stofnlánasjóður raftækjasala

Stofnlánasjóður skó- og vefnaðarvörukaupm.

form. Ólafur Helgason

form. Gunnar Snorrason

form. Sigurður R.Guðjónsson

form. Steinar Waage

SÉRGREINAFÉLÖG

Félag blómaverslana

Félag byggingaefna- og húsmunakaupmanna

Félag ísl.bóka- og ritfangaverslana

Félag matvöruverslana

Félag raftækjasala

Félag sérvöruverslana

Félag söluturnaeigenda

form Kristján Ingi Jónsson

form. Leifur Ísleifsson

form.

form. Þórhallur Steingrímsson

form. Ingvi I. Ingason

form. Baldvin Ó. Magnússon

form. Sveinbjörn Kristjánsson

LANDSHLUTAFÉLÖG

Kaupmannafélag Vesturlands

Kaupmannafélag Vestfjarða

Kaupmannafélag Norðurlands vestra

Kaupmannafélag Siglufjarðar

Kaupmannafélag Akureyrar

Kaupmannafélag Austfjarða

Kaupmannafélag Suðurlands

Félag kaupsýslumanna Vestmannaeyjum

Félag kaupsýslumanna Suðurnesjum

Kaupmannafélag Hafnarfjarðar

form. Viðar Magnússon

form. Jónas Guinnlaugsson

form. Brynjar Pálsson

form. Sigurður Fanndal

form. Ragnar Sverrisson

form. Erna Nielsen

form. Gunnar Guðmundsson

form. Sigurbjörg Axelsdóttir

form. Elínborg Þorsteinsdóttir

form. Sveinn Sigurbergsson

Ávarp framkvæmdastjóra K.Í. á aðalfundi Kaupmannafélags Suðurlands,
Selfossi 22.apríl 1996

Það er vor í lofti,- ekki bara í náttúrunni, heldur einnig í efnahagslífinu og verslun. Saman fer samfelldur árangur í því að halda verðlagi og gengi stöðugu um nokkur ár, og upphaf verulegra verklegra framkvæmda í landinu, sem án efa verða orkugjafar í atvinnu- og efnahagslífinu. Nú er talið að verðbólga verði um 2% á árinu og einkaneysla muni fremur aukast en minnka.

KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS - Hlutverk

Markmið:

1. Starfsskilyrði

Sífelld er unnið að því að fá starfsskilyrði verslunarinnar jöfnuð, bæði í samanburði við innlenda atvinnuvegi og erlenda verslun. Nýjasta rimman stendur sem kunnugt er um vörugjöld, og hefur K.Í. tekið virkan þátt í því að hafa áhrif á löggjafarvaldið að þessu leyti. Enn er ekki séð fyrir endann á þessu. Sérstakir skattar á verslunina eru vandamál, sem því miður hefur reynst erfitt að fá leiðrétt, en ekki verður látið staðar numið í þeirri baráttu. Einkavæðing eftirlitsstofnananna er einnig baráttumál K.Í. og má í því sambandi nefna, að í dag staðfesti Löggildingarstofa Ríkisins að stefnt sé að því að um næstu áramót taki einkaaðilar að sér löggildingu voga. Mikið hefur verið kvartað undan háum kostnaði við þetta.

fr. sjald
mark. sj.

Það má með sanni segja, að fjárfestingaþörf hafi safnast upp í kerfinu, því undanfarin ár hefur fjárfesting verið hættulega lítil í atvinnulífinu. Nú má lelja líklegt að á næstu misserum brjótist hún fram með ýmsum hætti. Í versluninni er sú staða, að vissulega er mörgum verslunum ógnað af verðsamkeppni og skattheimtu, en ýmis merki eru um að kaupmenn hyggi nú á fjárfestingar í húsnæði og búnaði. Ekki síst eru vaxandi kröfur gerðar til matvöruverslana vegna ferskvæva, og reyndar allra verslana um umhverfi og búnað. Framsæknir kaupmenn geta einungis búist við aukningu í veltu og betri afkomu ef þeir fjárfesta. Verslunin þarf að vera þannig að hún hvetji til innkaupa, hvort sem um er að ræða matvöruverslun, deild í vöruhúsi eða aðra verslun.

Og kaupmenn þurfa að horfa til framtíðar og spyrja sig að því hvar þeir ætla að vera með sinn rekstur eftir 5 eða 10 ár. Vissulega er erfitt að spá um framtíðina, en þó best ef menn móta hana sjálfir,- skapa hana. En mikilvægast er að átta sig á því hvað neytendur vilja og stefna að því að

fullnægja þeim óskum. Fyrir 4 árum skaut geimferðastofnun Bandaríkjanna, NASA, eldflaug til plánetunnar Satúrnus, og á flaugin að lenda þar á þessu ári. Það merkilegasta við þetta geimskot var það, að flauginni var ekki skotið að Satúrnus; heldur að þeim stað þar sem Satúrnus var talinn verða eftir 4 ár. Ef við beinum ekki sjónum okkar að framtíðinni og óskum viðskiptavina, þá endum við með fullar hillur en tóma ganga.

2. Sameining

Unnið er að því að sameina íslenska smásöluverslun en fremur hægt hefur miðað. Þó er ljóst að áhugi er bæði hjá kaupmönnum og samvinnuversluninni á faglegu samstarfi, en kjaramálunum verður að halda utan við þetta ef von á að vera um árangur. Fundir eru fyrirhugaðir á næstunni um þetta mál.

3. Kjaramál

Í föstum farvegi og á hendi VSÍ. Samningsviðræður hafa farið fram vegna söluturna, en óvíst hvort og hvenær þær leiða til niðurstöðu. Benda kaupmönnum á að snúa sér til VSÍ með allt varðandi kjaramál. Vinnudeilusjóður hefur greiðslur frá næstu áramótum.

4. Verslunarmenntun

Menntun verslunarfólks hefur lengi verið vanrækt á Íslandi, en í haust tekur til starfa við verkmenntaskólann í Grafarholti í Reykjavík, Borgarholtsskóla, 2.ára verkmenntabraut fyrir 16 ára unglinga. Þetta er áfangakerfi, en námið er sniðið að norrænum fyrirmyndum og nemendur komast á námssamninga um leið og þeir hefja námið. Síðan þarf að bæta stjórnunarnámi ofan á þetta til að mennta stjórnendur og kaupmenn. Mikil þörf er fyrir betri menntun í versluninni, sem stefnir í að verða hátæknistarfsemi. Ljóst er að ef íslensk verslun ætlar að standa sig í samkeppni við erlenda, þá þarf mikil breyting að verða í stjórnun og viðhorfum stjórnenda í versluninni.

Langar í þessu sambandi að nefna átakið EFLUM ÍSLENSKA VERSLUN, sem er sameiginlegt átak íslenskrar verslunar og ríkis sem þróast hefur upp úr áttakinu VERSLUM HEIMA - TRYGGJUM ATVINNU. KÍ, FÍS, Samtök samvinnuverslana, Hagkaup, Íslensk verslun, dómsmála- og viðskiptaráðuneyti.

Ferðamannaverslun kemur þarna inn í til viðbótar. Var ekki með í fyrra sinnið 1994. Jafnframt er að taka til starfa nýtt einkafyrirtæki á Íslandi til að annast endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna vegna innkaupa hér. Það verður rekið í samkeppni við núverandi ríkiskerfi.

ETS

Verslun 24% af eyðslu ferðamanna. Mest, eða yfir 70% í tískuvarningi, snyrtivörum og vönduðum varningi (íslenskri hönnun).

5. Upplýsingamiðlun

Innan fárra missera munu stærstu aðilarnir á markaðinum innleiða vinnublögg við lagerstýringu og gæðamál, sem runnir eru frá USA og nefnast ECR (Skilvirk Neytenda Svörun). Útgáfumál, - nýjungum og breytingum vel tekið. "Share of stomach"

6. Framþróun í íslensku þjóðfélagi

Verslun er menning - menning er verslun ! Að verslunin hljóti verðuga viðurkenningu og kaupmenn séu stoltir af starfi sínu, sem verður sífellt þýðingarmeira og flóknara.

Til þess eru kaupmannasamtök Ísland um leið
öllum kaupm. ávallt sumarsamtök.

Þeir sem láta skynsemina ráða ferðinni, velja Atlas til að njóta afslátta og fríðinda!



Afsláttur
á Íslandi

Afsláttur
af skoðunarferðum
erlendis

Afsláttur af
forfallagjaldi

Atlas kreditkortinu veitir korthöfum aukið öryggi og ýmsan sparnað tengdan ferðalögum. Flugleiðir, Félag íslenskra ferðaskrifstofa og Eurocard bjóða þér að njóta fríðindanna og vera í hópi þeirra sem láta skynsemina ráða ferðinni.

Kynntu þér
kostina!



„Staðgreiðslu“ afsláttur
og betri greiðslukjör

Viðtækar ferða- og
slysatryggingar

GESA
neyðarþjónusta

Kortasími
Eurocard

Greiðsludreifing

Atlasferðir

Bónusferðir

Eurokredit
ráðgreiðslur

Hraðbankar

Sjálfvirkar
skuldfærslur

EUROCARD
ATLAS



FLUGLEIDIR



Upplýsingar og umsóknir má fá hjá ferðaskrifstofum, söluskrifstofum Flugleiða, í öllum bönkum, sparisjóðum og hjá Eurocard, Ármúla 28, Reykjavík.

Búi Óskari Jóhannssonar

*Leið og lagð fram á fundi Kaupmannaklúbbsins
18.9.2010. Ó.F.*

Reykjavík 18. 9. 2010.

Frá Óskari Jóhannssyni.

UMHUGSUNAREFMI:

BJÖRGUN FRÁ GLÖTUN,

Á SKRÁÐUM HEIMILDUM UM VERSLUN Á ÍSLANDI

SEINNI HLUTA 20. ALDAR.

Samkvæmt upplýsingum sem fram komu á síðasta fundi Kaupmannaklúbbsins, mætti ætla að einhver afgangur sé til af vaxtatekjum sjóðs samtakanna frá s.l. þremur árum.

Það ætti því að vera viðráðanlegt að fjármagna nauðsynlega framkvæmd sem dregist hefur allt of lengi, en er flestu öðru framar á stefnuskrá, og verkefnalista sjóðsins.

En jafnvel þótt enginn afgangur sé nú til ráðstöfunar af vöxtunum, er nauðsynlegt að hefjast **strax** handa við framkvæmdir og ef þurfa þykir, að taka lán hjá sjálfum sjóðnum og greiða honum það aftur með væntanlegu framlagi af vaxtatekjum seinna, því með hverjum degi sem líður, eykst hættan á að mikill fróðleikur um sögu verslunar á Íslandi á seinni hluta síðustu aldar, glatist.

Sem kunnugt er, var óhemju mikið magn pappíra í geymslunni í kjallara hússins, eftir meira en hálfra aldar starfsemi Kaupmannasamtaka Íslands.

Haustið 2007 var mikið unnið við að koma hluta af því í örugga geymslu í Borgarskjallasafni Reykjavíkur. Guðjón Indriðason deildarstjóri í Skjallasafninu leiðbeindi um hvernig ætti að vinna að því, og síðan flokkaði hann og skráði allt sem safninu barst þá, og 7. júlí 2008 sendi hann greinargóða skjalaskrá yfir alla pappírana sem safnið tók á móti, og er það merkt: **EINKASKJALASAFN NR. 316**, og er eingöngu aðgengilegt fyrir aðila á vegum Kaupmannasamtaka Íslands, hvenær sem þess er óskað, og er þar hægt að ganga að öllum skjölum samkvæmt skránni sem Guðjón sendi samtökunum. Þetta er ómetanlegt fyrir sagnfræðinga eða aðra þá sem síðar vilja afla sér upplýsinga um viðskiptalífið á þessum tímum.

EN SAGAN ER EKKI ÖLL SÖGÐ !

Enn er trúlega meira en helmingur eftir af pappírum í geymslunni, sem samtökin greiða væntanlega leigugjald fyrir ár eftir ár. Hvers vegna ætti að gera það ?, og

hvað lengi ?. Alltaf fækkar þeim sem þekkja nöfn manna sem komu við sögu, og myndir eru til af meðal annarra gagna. Þeir vita hverju má henda, og hvað beri að varðveita. Ef ekkert er gert strax, líður ekki á löngu þar til ungir athafnamenn koma með stóran gám og henda öllu þessu gamla rusli í Sorpu, og bölvla hraustlega þegar þeir þurfa að greiða fyrir það.

HVAÐ Á ÞÁ AÐ GERA ?

Við höfum notið einstaklega góðrar þjónustu frá Borgarskjalasafni Reykjavíkur. Ef við ætlum ekki að láta þetta allt fara í gáminn, tel ég að við, meðlimir Kaupmannaklúbbsins ættum að bjóða Benedikt Kristjánssyni formanni Kaupmannasamtakanna á fund með okkur, hafa samband við húsvörðinn og fá hann með okkur til að skoða geymsluna og reyna að gera okkur grein fyrir umfangi verkefnisins, ræða málið og ákveða síðan hvað þurfi að gera, og hvernig best verði staðið að þeirri framkvæmd. Verði hins vegar ekki áhugi fyrir að gera neitt, þarf samt að tæma geymsluna, taka dótið og henda því. En hvor leiðin sem verður farin, mun kosta peninga, og þar hlýtur að koma til kasta Styrktarsjóðs K. Í., eins og nefnt er í upphafi þessara hugleiðinga.

ÞETTA ER AÐEINS VINSAMLEG ÁBENDING TIL ÞEIRRA SEM Hafa
MEÐ ÞESSI MÁL AÐ GERA, OG AÐ EKKERT VERKEFNI
STYRKTARSJÓÐSINS FELLUR BETUR AÐ TILGANGI HANS HELDUR
EN FRAMKVÆMD ÞESSA VERKEFNIS.

Óskar Jóhannsson.